

**8. Siðferði á netinu**

Siðferði er jafnmikilvægt í samskiptum á netinu og í daglegu lífi og sömu reglur um samskipti eiga að gilda í netheimum. Þessari kennslueiningu er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um siðferði á netinu, hvað má segja og hvernig framkoma endurspeglar hver við erum. Nemendur læra einnig að þeir bera ábyrgð á eigin gjörðum á netinu. **Aldur: 12-16 ára.**

**9. Höfundarréttur – „Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir“**

Margir nemendur nýta sér netið til að afla sér heimilda til að nota í nemendaverkefni. Markmiðið er að fá nemendur til að velta fyrir sér hvað höfundarréttur er og að þeir geri sér grein fyrir hvað það þýðir þegar efni er höfundarvarið. Þessar spurningar er hægt að nýta samhliða því að sýna myndina „Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir“ sem fjallar um höfundarrétt og netið. **Aldur 12-16 ára.**

**10. Blogg og félagsnetsíður**

Að halda úti bloggsíðu/félagsnetsíðu er vinsælt meðal unglinga. En það er að ýmsu að huga þegar slíkri síðu er haldið úti. Markmið verkefnisins er að gera nemendur færari í að halda úti sinni eigin bloggsíðu/félagsnetsíðu, þjálfá þá í meðferð ritaðs máls og kenna þeim þær reglur sem gilda í rökræðum og meðferð heimilda. **Aldur 12-16 ára.**


**11. Gæðeynin netnotkun**

Það er mjög mikilvægt að þeir sem nota netið til upplýsingaöflunar geri sér grein fyrir að einstaka síður sem finnast á netinu eru ekki allar jafn áreiðanlegar. Markmið verkefnisins er að auka færni nemenda í að greina áreiðanleika upplýsinga sem finnast á netinu og þjálfá þá í rétttri notkun þeirra. **Aldur 12-16 ára.**

Útgefið af SAFT og Myndstef

# KENNSLUEFNI OG MYNDBÖND UM ÖRUGGA NETNOTKUN

Allt kennsluefni,  
krossgátur  
og kennslumyndbönd  
eru aðgengileg á  
heimasíðu SAFT,  
[www.saft.is](http://www.saft.is)



## STUTT LÝSING Á EFNÍ Á DVD

### 1. AUGA

Þetta stutta myndband var hluti af SAFT auglýsingaherferð sem hvatti til heilbrigðari samskipta á netinu. Um er að ræða sjónvarpsauglýsingu sem sýnir ungan dreng setja vafasamar athugasemdir um félaga sinn á netið en kemst síðan fljótt að því að margir hafa séð athugasemdirnar og eru að tala um þær. Skilaboðin eru; „Gættu að hvað þú gerir á netinu - það sjá það allir“. Herferðin var unnin með stuðningi AUGA, styrktarsjóðs Sambands Íslenskra auglýsenda (SÍA) og Vodafone.

**Lengd myndbands 1 mínúta.**

### 2. Er Lallí heima?

Myndbandi sýnir á áhugverðan hátt hvernig heimili gæti litið út ef sá sýndarveruleiki sem hægt er að sækja á netið myndi raungerast og koma í heimsókn á heimilið og er ætlað að miðla til barna og fullorðinna mikilvægi þess að gæta þess hvaða persónulegar upplýsingar þau gefa upp á netinu. Myndbandið var unnið af KlickSafe í Þýskalandi, sem er samstarfsaðili SAFT. Endurvinnsla og talsetning var unnin af Filmus fyrir SAFT.

**Lengd myndbands 48 sekúndur.**

### 3. Þú ert það sem þú gerir á netinu

“Þú ert það sem þú gerir á netinu” eru fimm stuttir leikþættir sem samdir voru af nemendum í Háteigsskóla. Leikþættirnar byggja á Netorðunum Fimm, heilræðum um samskipti á netinu sem voru hluti af auglýsingaherferð SAFT sem bar yfirskriftina „Gættu að hvað þú gerir á netinu! Það sjá það allir“. Netorðin eru:

**1)** Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert; **2)** Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig; **3)** Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er; **4)** Mundu að efni sem þú setur á netið er öllum opið, alltaf; og **5)** Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu.

Leikarar og handritshöfundar eru nemendur í 8. bekk í Háteigsskóla veturinn 2007-2008: Alexander Örn, Asrún Mjöll, Katrín Björk, Líska Margrét, Valdimar, Edda, Ísold, Jón Axel, Kaðlín Sara, Ólöf Embla, Hildur, Sara og Þórey

Unnur. Kvikmyndataka, hljóð og leikmynd: Daniel, Ingólfur, Atli og Egill nemendur í 9. bekk Háteigsskóla veturinn 2007-2008. Handrit og leikstjórn Rannveig Þorkelsdóttir.

**Lengd leikþátta 7 mínútur og 35 sekúndur.**

### 4. Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir

Heimildamyndin „Ég veit að þetta má ekki en það gera það allir“ fjallar á skemmtilegan hátt um höfundaréttindamál frá ýmsum hliðum. Hvernig á að fá leyfi til að nota höfundaverndað efni? Hvað leyfir veitt heimild mikla notkun? Hvað gerist ef efni er notað í heimildarleysi? Hverskonar verk falla undir höfundarétt? Í myndinni er rætt við ungt fólk og afstöðu þeirra til höfundaréttar og í því samhengi fjallað um netið, kvikmyndir og tónlist, m.a. Eve Online, Sigurrós og Latabæ. Leikstjóri, Hilmar Oddsson. Framleiðandi Myndstef.

**Lengd heimildamyndar 23 mínútur og 3 sekúndur.**

## KROSSGÁTUR

### 1. SAFT áhöfnin

Þessi krossgáta er kjörin til að kynna fyrir nemendum SAFT áhöfnina. Hver áhafnar-meðlimur á sér nafn og stendur fyrir ákveðin hlutverk sem allir geta staðið frammi fyrir á netinu. Áður en krossgátan er lögð fyrir er áhöfnin kynnt fyrir nemendum og nöfn þeirra og hlutverk rædd. **Aldur 6 ára+.**

### 2. Saft heilræði

Þessa krossgátu er hægt að nota í tengslum við fræðslu um jákvæða og örugga netnotkun. SAFT hefur útbúið 10 heilræði fyrir börn og foreldra sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar net og aðrir nýmiðlar eru notaðir. Gott er að byrja á því að ræða heilræðin 10 en þau má finna á <http://www.saft.is/oruggnetnotkun/> fyrirforeldra/netheilraedi **Aldur 8 ára+.**

## KENNSLUEININGAR

Á disknum eru 11 sjálfstæðar kennslueiningar sem hægt er að nota í kennslu í upplýsingatækni og lífsleiðni í 4-10 bekk grunnskóla. Hver eining tekur frá 40 mínútum upp í klukkustund í kennslu. Kennslueiningarnar fjalla hver um sig um ákveðið efni sem snýr að jákvæðri og öruggri notkun netsins og annarra nýmiðla, s.s. farsíma.

Kennslueiningarnar eru mjög auðveldar í notkun og til að ná í myndböndin sem eru hluti af kennsluefni í sumum kennslueiningum þarf aðeins að slá inn vefslóðina og fylgja leiðbeiningum. Mælt er með því að búið sé að hlaða niður myndböndin á kennslutölvu áður en kennslustund hefst til að tryggja að myndböndin opnast rétt. Einnig er hægt að nálgast kennslueiningarnar og verkefni og prenta út á heimasíðu SAFT, [www.saft.is](http://www.saft.is).

### Efnisþættir kennslueininganna eru eftirfarandi:

#### 1. Hvernig notum við netið?

Í þessari kennslueiningu er fjallað um þá óþrjótandi möguleika sem standa fólk til boða við að nýta sér netið í leik og starfi. Áhersla er lögð á jákvæða og uppbyggilega notkun netsins. **Aldur 10-16 ára.**

#### 2. Tölvupóstur

Hvernig notar maður tölvupóst og hvaða reglur gilda um hann? Markmið verkefnisins er að hjálpa nemendum að uppgötva alla þá kosti varðandi tölvupóstsamskipti sem fyrir hendi eru þannig að þeir noti póstin til jákvæðra samskipta við vini, kunningja, fjölskyldu og samstarfsfólk. **Aldur 10-16 ára.**

#### 3. Spjall (opin spjallsvæði, msn o.fl.)

Ungt fólk er duglegt að nýta sér tæknina þegar kemur að samskiptum. Hægt er að hafa uppi á fólk hvar sem það er státt í heiminum og skilaboðin komast fljótt til skila. Markmið þessa verkefnis er að vekja nemendur til

umhugsunar um það hvað þau skrifa á netið og gera þá færari um að taka þátt í öruggu spjalli á netinu. **Aldur 10-16 ára.**

#### 4. Farsímar – stutt skilaboð (sms/msn/ tölupóstur)

Upplýsingaflæði meðal fólks hefur aukist mikið með tilkomu vefsins og farsíma á undanförunum árum. Markmiðið með þessu verkefni að fjalla um hvernig hægt er að skrifa sama textann á misjöfnu formi og að nemendur verði meðvitaðir um íslenska tungu (og erlenda) og mikilvægi þess að koma frá sér skiljanlegum texta. **Aldur 10-16 ára.**

#### 5. Einelti á netinu

Einelti er gamalt samfélagslegt vandamál. Með nýjum miðlum koma ný tækifæri til að stríða og leggja í einelt. Í þessari kennslueiningu er fjallað um mikilvægi þess að nemendur hugsi áður en þeir setja efni eða myndir inn á netið og geri sér grein fyrir því að erfitt er að taka eitthvað til baka sem þeir hafa einu sinni sett inn. **Aldur: 12-16 ára.**

#### 6. Er Lallí heima? –hvað eru börn og unglingar að gera á netinu?

Þessari kennslueiningu er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um hvað þeir aðhafast á netinu, s.s. hvaða síður þeir heimsækja, hverja þeir eiga samskipti við og hvernig þeir koma fram hver við annan því allt sem við segjum og gerum á gagnvirkum netsíðum endurspeglar hver við um. **Aldur: 12-16 ára.**

#### 7. Nettæling

Þó það séu miklu fleiri jákvæðar en neikvæðar hliðar á netinu eru samt hættur til staðar. Margar þessar hættur tengjast nettælingu (grooming) en kynferðisafrotamenn nota gjarnan netið og tengda miðla til að nálgast börn. Markmið verkefnisins er að fá nemendur til að skoða eigin hegðun í samskiptum við aðra á netinu og að þeir kynnist ráðum til að tryggja ánægjulega og örugga netnotkun. **Aldur: 12-16 ára.**